

HUGRÆN TAUGAVÍSINDI

E-601-HUTA



Ár: 3. ár.

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (sérhæft námskeið í sálfræði).

Undanfarar: E-415-HUMT Hugsun, minni og tungumál.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: María K. Jónsdóttir.

Lýsing

Þema námskeiðsins er fjölbreytileiki hugrænna taugavísinda. Að lokinni umfjöllun um sögulegan bakgrunn, siðferðilega hlið taugavísinda og aðferðafræði hugrænna taugavísinda verður farið í líffræðilegan grunn nokkurra þátta í hugrænu starfi (t.d. kynjamun og merkingarminni). Þá verður einnig fjallað um tilfinningar, samskynjun og spegilfrumur. Í umræðutímum verða tekin fyrir efni sem tengjast umfjöllunarefni fyrirlestra. Nemendur fá að velja umfjöllunarefni eins tíma (könnun á Facebooksíðu námskeiðs). Ekki verður farið í líffærafræði heilans. Gert er ráð fyrir að nemendur búi að þeirri þekkingu úr LIAT og séu undir það búnir að lesa greinar og hlusta á fyrirlestra þar sem líffærafræðileg hugtök eru notuð.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að:

Þekking

Kunna skil á sögu og þróun hugrænna taugavísinda. / Skilja samhengi milli eldri rannsókna og þeirra sem eru nær okkur í tíma.

Geta fjallað um helstu viðfangsefni og aðferðir sem beitt er innan hugrænna taugavísinda svo og takmarkanir tiltekinna rannsóknaraðferða.

Kunna skil á þeim einstöku efnispáttum sem fjallað verður um í námskeiðinu og hvað þeir geta sagt okkur um eðli hugarstarfs og heilastarfsemi og tengsl þessara þátta.

Leikni

Nemendur ættu að öðlast betri skilning á flóknu sambandi hegðunar, hugsunar og heilastarfsemi.

Nemendur ættu að öðlast leikni í að lesa fræðilegar greinar í taugavísindum og ræða þær í jafningjahópi og gera grein fyrir þeim í ræðu og riti og kynna þeim sem ekki hafa sérfræðiþekkingu á sviðinu (þ.e. geta skrifað á almennu máli um flókin fræðileg efni innan taugavísinda).

Hæfni

Nemendur ættu að geta yfirfært þekkingu úr námskeiðinu, t.d. með því að tengja saman viðfangsefni sem á yfirborðinu virðast ólík.

Nemendur ættu að geta hugleitt og rökstutt hvaða aðferðir myndu hugsanlega henta við rannsóknir á tilteknu viðfangsefni innan hugrænna taugavísinda og hvað ólíkar rannsóknaraðferðir geta sagt okkur.

Námsmat: Próf og verkefni.

Kennslaáðferðir: Fyrirlestrar, hópvinna og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6.